

- e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirætlum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Keflavíkur staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. september 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að gera bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni. Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lagt bundið slitlag á og/eða gangstétt, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismuni á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í bygginganefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta

byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

4. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.0%
Tvibýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	0.8%
Tveggja hæða fjölbýlishús	0.6%
Fjölbýlishús 3 hæðir eða meir	0.4%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnaði	0.4%

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum skal greiða hálf gald.

Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldir lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi hlugeymslu	500 m ³
Raðhús, tvibýlishús, sambyggð einbýlishús	400 m ³ hver íbúð
Fjölbýlishús	300 m ³ hver íbúð

Í atvinnuhúsnaði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

5. gr.

B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 4. gr., þ. e. til að leggja bundið slitlag og gangstétt, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.5%
Tvibýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1.2%
Tveggja hæða fjölbýlishús	0.9%
Fjölbýlishús 3 hæðir eða meir	0.6%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnaði	0.6%

Gjöld kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar.

Af bifreiðageymslum skal greiða hálf gald.

Gjald skal miðað við stærð húss og lóðar skv. skráningu fasteignamats.

6. gr.

Gjöld samkvæmt 4. og 5. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingakostnaðar, sem gildir um áramót. Bæjarstjórn skal vera heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana í 4. og 5. gr. hvorn um sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds skv. 4. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélags, getur sveitarstjórn áskilið að úthlutun verði háð því að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

8. gr.

Gatnagerðargjald skv. 5. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða. Ef ákveðið verður að innheimta gjald, skv. 5. gr. af fasteignum við götu þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og/eða gangstétt, skal miða það við vísitölu sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

9. gr.

Nú hefur gatnagerðargjald eða gangstéttargjald verið greitt af lóð, og skal það gjald þá koma til frádráttar með álagi samkvæmt breytingu á vísitölu sem orðin er frá því að greitt var enda hafi gjaldið verið ætlað til framkvæmda við bundið slitlag á götu.

10. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 5. gr. greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið.

Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 20% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans. Ef gangstétt er lögð að hluta, má halda eftir greiðslu á 10% gjaldsins.

11. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingafjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lög-taki skv. lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ**um heimilishjálp í Eyrarbakkahreppi.**

1. gr.

Félagsmálanefnd öryrkja og eldri borgara fer með stjórn heimilishjálpar í Eyrarbakkahreppi í umboði hreppsnefndar.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar skal vera í höndum stjórnanda með þekkingu á heimilisskörfum, sem félagsmálanefndin ræður til starfsins. Hann skal að jafnaði sitja fundi félagsmálanefndar, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálp, með málfrelsi og tillögurétti.